



Námsgrein / heildstætt verkefni:
Náttúrufræði

Tímabil: skólaárið 2023-2024

Námsmarkmið:

- að nemendur læri um náttúruvernd, sjálfbærni og hvernig við getum haft áhrif á samfélagið
- að nemendur læri um plöntur og dýr, umhverfi þeirra og ólík vistkerfi
- að nemendur læri um helstu líffærakerfi mannlíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum
- að nemendur geti lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi
- að nemendur þekki algengar fuglategundir á Íslandi, einkenni þeirra og lífshætti

Námspættir:

- efla umhverfisvitund t.d. draga úr neyslu, endurnýta og endurvinna vörur
- uppruni lífs á jörðinni, ólíkar frumur, bakteríur og veirur, þróunartréð og flokkun lífvera, vistkerfi, flóra og fána, náttúruval, líffræðilegur fjölbreytileiki, fæðukeðjur og fæðuvefur og hringrás lífsins
- líkami mannsins: beinagrind, húð, vöðvar, blóðrásarkerfi, öndunarkerfi, sjón
- lofthjúpurinn, ólíkar gerðir loftslags, upplýsingar um veðurfar úr veðurspá, veðurathugun, hamskipti, varmi og varmaflutningur, mælieiningar og hitaþensla
- líkamsbygging og útlitseinkenni fugla eftir búsvæðum og fæðu

Kennsluaðferðir:

- innlagnir kennara
- einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna
- leitarnám/upplýsingaleit
- vettvangsferðir og verklegar æfingar

Námsefni/kennslugögn:

- Náttúrulega 1, lesbók og verkefnabók
- fræðslumyndbönd og fræðsluþættir
- ýmsar vefsíður s.s. landvernd.is, himinnoghaf.is, fuglavefurinn.is
- efni frá kennara

Námsmat

- vinnubrögð og vinnusemi
- leiðsagnarmat og sjálfsmat
- verkefnabækur og verkefni eru metin
- umsögn frá kennara